

Miðvikudaginn 30. ágúst 2000.

Nr. 291/2000.

Kristbjörn Arnason

(Kristján Þorbergsson hrl.)

gegn

Baldri Halldórssyni

(enginn) og

Heklu hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

K keypti vél í skip sitt af H og setti B vélina í skipið. Komst sjór í vélina og hún eyðilagðist. Fékk K dómkvadda matsmenn til að meta orsakir þess að sjór komst í vélina. Komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að yfirgnæfandi líkur væru fyrir því að sjór hefði komist í vélina úr lögn sem lá frá henni og hafi frágangur lagnarinnar ekki verið í samræmi við venju. Höfðaði K þá mál á hendur H og B. Sýknaði héraðsdómur H og B af kröfum K þar sem ósannað þótti að tjón hans yrði rakið til handvamar annars hvors þeirra og var í niðurstöðum dómsins meðal annars vísað til þess að matsmenn hefðu aldrei skoðað vélina í tengslum við matsgerð sína. Áfrýjaði K dómnum og fór fram á að matsmennirnir, sem stóðu að fyrri matsgerðinni, yrðu dómkvaddir á ný til að fá bætt úr þeim göllum sem í héraðsdómi voru taldir á mati hinna dómkvöddu matsmanna. Talið var að í lögum nr. 91/1991 væru ekki sérstaklega lagðar hömlur við því að dómkvaddur væri maður til að leggja mat á atriði, sem matsgerðar hefði áður verið aflað um. Ekki væri heldur girt fyrir að til viðbótar eldri matsgerð væri aflað nýrrar matsgerðar, sem tæki að nokkru eða öllu til annarra atriða en sú fyrri, enda væri ekki svo ástatt, sem um ræðir í 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Var talið að matsgerð sú sem K óskaði eftir tæki að nokkru til annarra atriða en eldri matsgerð og yrði að öðru leyti fyllri en fyrri matsgerðin um sömu atriði og hún náði til. Ekki var talið að fullyrt yrði að ný matsgerð skipti ekki máli eða væri tilgangslaus til sönnunar í málinu. Var því lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni K.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arn-
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. júlí 2000, sem
barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er
úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 29. júní 2000, þar sem
hafnað var beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Kæru-
heimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka-
mála. Sóknaraðili krefst þess að lagt verði fyrir héraðsdómara að dóm-
kveðja matsmenn í samræmi við beiðni hans. Þá krefst hann máls-
kostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Baldur Halldórsson hefur ekki látið málið til sín taka
fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilinn Hekla hf. krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði
staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

I.

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði á málið rætur að rekja
til þess að sóknaraðili keypti vél í skip sitt á árinu 1996 af varnaraðil-
anum Heklu hf., en varnaraðilinn Baldur Halldórsson setti síðan vélina
í skipið. Sóknaraðili kveðst hafa notað það við veiðar í apríl 1997 og
síðan lagt því í höfn. Fyrri hluta árs 1998 hafi hann undirbúið skipið
fyrir veiðar á sumarvertíð og þá orðið var við eitthvað athugavert við
olíu á vélinni. Hafi hann leitað skýringa hjá varnaraðilanum Heklu hf.,
sem hafi fengið sýnishorn af olíunni og komist að raun um að hún væri
blönduð sjó. Starfsmaður varnaraðilans hafi í kjölfarið skoðað vélina
og fundið í henni sjó, sem hafði þá valdið miklu ryði í strokkum
hennar. Vegna þessa hafi vélin verið talin ónýt.

Sóknaraðili fékk dómkvadda tvo matsmenn til að láta í ljós álit um
orsakir þess að sjór hafi komist í vélina og þá sérstaklega hvort mis-
tökum við niðursetningu hennar væri um að kenna. Í matsgerð 11.
ágúst 1998 komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að yfirgnæfandi
líkur væru fyrir því að sjór hafi komist í vélina úr láréttri afgaslögn,
sem hafi legið frá henni að safnkút, en frágangur þeirrar lagnar hafi í
nánar tilteknum atriðum ekki verið í samræmi við venju.

Að fenginni þessari matsgerð höfðaði sóknaraðili mál fyrir Héraðs-
dómi Norðurlands eystra á hendur varnaraðilum. Lauk málinu þar með

dómi 17. mars 2000. Í niðurstöðum dómsins, sem teknar eru upp orðrétt í hinum kærða úrskurði, var meðal annars vísað til þess að matsmenn hafi aldrei skoðað vélina í tengslum við matsgerð sína. Sóknaraðili hafi sjálfur borið að vélin hafi verið gangsett reglulega á þeim tíma, sem skipið lá við bryggju frá vori 1997. Væri tilgáta matsmanna um orsök skemmda á vélinni rétt hefðu þær ekki átt að fara fram hjá sóknaraðila. Þótti það heldur ekki styrkja niðurstöðu matsmanna að rannsókn, sem gerð var á smurólúsýni úr vélinni, hafi sýnt að í olíuna hafi komist sjóblandað ferskvatn, en afgaslögn hafi verið kæld með sjó. Var að þessu virtu talið alls ósannað að tjón sóknaraðila yrði rakið til handvammur annars hvors varnaraðilans og voru þeir sýknaðir.

Með beiðni til sama héraðsdóms 28. apríl 2000 fór sóknaraðili þess á leit að matsmennirnir, sem stóðu að fyrrnefndri matsgerð, yrðu dómkvaddir á ný til að meta orsök þess að umrædd vél hafi í mars 1998 verið talin ónýtt. Í beiðninni var tekið fram að tilgangur hennar væri að „fá bætt úr þeim göllum sem í héraðsdómi voru taldir á mati hinna dómkvöddu matsmanna, með því að þeir skoði hina umdeildu vél og öll önnur fyrirbyggjandi gögn og leggi að nýju mat á orsakir þess að hún hafi eyðilagst á svo skömmum tíma sem raun ber vitni.“ Varnaraðilar andmæltu beiðni sóknaraðila og var henni hafnað með hinum kærða úrskurði.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að eftir að mál þetta var tekið til úrskurðar í héraði hafi áðurnefndum dómi frá 17. mars 2000 verið áfrýjað.

II.

Í lögum nr. 91/1991 eru ekki sérstaklega lagðar hömlur við því að dómkvaddur verði maður til að leggja mat á atriði, sem matsgerðar hefur áður verið aflað um. Enn síður er girt fyrir að til viðbótar eldri matsgerð sé aflað nýrrar matsgerðar, sem taki að nokkru eða öllu til annarra atriða en sú fyrri, enda sé ekki svo ástætt, sem um ræðir í 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Eins og málið liggur fyrir verður að líta svo á að sóknaraðili leiti nú eftir matsgerð, sem taki að nokkru til annarra atriða en matsgerðin frá 11. ágúst 1998 en verði að öðru leyti fullri en eldri matsgerðin um sömu atriði og hún náði til. Ekki verður fullýrt nú að bersýnilegt sé að slík ný matsgerð skipti ekki máli eða sé tilgangslaus til sönnunar, en af sönnunargildi hennar yrði sóknaraðili að

bera áhættu samhliða kostnaði af öflun hennar. Að þessu gættu verður að leggja fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni sóknaraðila, eins og nánar greinir í dómsorði.

Rétt er að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Lagt er fyrir héraðsdómara að dómkveðja samkvæmt beiðni sóknaraðila, Kristbjörns Árnasonar, tvo menn til að meta ástæðu þess að vél af gerðinni Caterpillar í skipi hans, Lundey ÞH 350, hafi í mars 1998 verið talin ónýtt.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 29. júní 2000.

Mál þetta barst dóminum með bréfi Jóhannesar B. Björnssonar hdl., dags. 28. apríl 2000 og móttæknu 3. maí s.á. Málið var þingfest þann 15. maí 2000 en munnlega flutt og tekið til úrskurðar 6. þ.m.

Matsbeiðandi er Kristbjörn Árnason, kt. 180837-2059, Baughóli 5, Húsavík. Matsþolar eru Baldur Halldórsson, kt. 150124-2559, Hlíðarenda, Akureyri, og Hekla hf., kt. 600169-5139, Laugavegi 170-174, Reykjavík.

Efni máls þessa er, að matsbeiðandi hefur farið þess á leit við dóminn, að dómkvaddir verði að nýju matsmennirnir Árni Björn Árnason, vélvirkjameistari, Dalsgerði 71, Akureyri, og Magnús Þorsteinsson, vélvirki og vélstjóri, Sól-völlum 8, Akureyri, til þess að meta orsakir og ástæður þess, að ný Caterpillar-vél í mótorbát matsbeiðanda, Lundey ÞH-350, skipaskrárnúmer 6961, hafi í mars 1998 verið talin ónýtt.

Matsþoli Baldur Halldórsson gerir þá kröfu, að beiðni matsbeiðanda verði hafnað og matsbeiðanda gert að greiða að greiða honum málskostnað að skaðlausu. Matsþoli Hekla hf. gerir þær kröfur, að hafnað verði beiðni matsbeiðanda um endurdómkvaðningu matsmanna. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi matsbeiðanda.

Matsbeiðandi lýsir málavöxtum á þann hátt í matsbeiðni sinni, að hann hafi keypt Caterpillar 3126 DITA vél af matsþola Heklu hf. þann 31. júlí 1996. Matsþoli, Baldur Halldórsson skipasmiður, hafi séð um að setja vélina niður í bát matsbeiðanda, m.b. Lundey ÞH-350, og ganga frá henni þannig að hún væri tilbúin til notkunar. Matsþoli Baldur hafi unnið að endurbótum á báti matsbeið-

anda og niðursetningu vélarinnar og frágangi veturinn 1996 og hafi þeirri vinnu lokið í desember 1996 miðað við útskrift reikninga. Kveður matsbeiðandi bátinn Lundey PH-350 af gerðinni „Gáski 1000“ alls 9,93 m og 9,29 brúttólestir og hafi hann notað bátinn til veiða á sumrin.

Kveður matsbeiðandi niðursetningu vélarinnar hafa verið tekna út af starfsmanni matsþola Heklu hf. dagana 9. og 10. apríl 1997 við starfsstöð matsþola Baldurs á Akureyri. Afhendingardagur vélarinnar teljist vera 8. apríl 1997 samkvæmt „Engine Delivery Service Record“ sem afhent hafi verið matsbeiðanda þann 10. apríl s.m. er báturinn hafi verið tekinn út af starfsmanni matsþola Heklu hf. Við úttekt á vélinni af hálfu starfsmanns matsþola Heklu hf. hafi ekki komið fram athugasemdir og hafi starfsmaðurinn veitt heimild til þess að vélin yrði tekin í notkun. Hafi báturinn verið fluttur með kranabíreið frá starfsstöð matsþola Baldurs til Húsavíkur þann 11. apríl 1997.

Eftir að gengið hafi verið frá vélinni kveðst matsbeiðandi hafa haldið bátnum til veiða í 7 skipti í aprílmánuði 1997, en hann hafi ekki komist frekar til veiða þá um sumarið, en sinnt bátnum þar sem hann hafi legið við bryggju á Húsavík. Snemma árs 1998 er matsbeiðandi hafi verið að undirbúa bátinn fyrir veiðar á sumarvertíð 1998 hafi hann orðið var við að olía bátsins væri ekki eðlileg, en hann hafi skipt um olíu á vélinni nokkrum dögum áður og aðeins gangsett vélina tvívegis og látið ganga í einhvern tíma án þess að sigla bátnum. Kveðst matsbeiðandi ekki áður hafa veitt þessu athygli og hafi hann ekki veitt því sérstaka athygli hvort eitthvað hafi verið að þeirri olíu sem hann hafi tekið af bátnum, er hann hafi skipt um olíu á honum, enda hafi hann ekki þekkt til þeirrar olíu eða hvert eðlilegt útlit hennar skyldi vera, enda hafi hann enga ástæðu haft til að ætla, að eitthvað gæti verið athugavert við þá olíu eða ástand vélarinnar, þar sem vélin hafi verið nær ónotuð.

Matsbeiðandi kveðst hafa leitað skýringa hjá seljanda vélarinnar matsþola Heklu hf. á framangreindu. Að ósk starfsmanna matsþola Heklu hf. hafi hann látið þeim í té sýnishorn af olíu af vél bátsins. Hafi það olíusýni reynst verulega sjóblandað og hafi starfsmaður matsþola Heklu hf. því komið til Húsavíkur í þeim tilgangi að skoða vélina. Við þá skoðun hafi reynst sjór í pústgreininni og forþjöppu. Hafi starfsmaður matsþola Heklu hf. tekið spíssana úr og séð að strokkar vélarinnar væru mikið ryðgaðir. Hafi vélin verið talin ónothæf og hún því tekin úr bátnum og flutt á verkstæði varnaraðila Heklu hf. til nánari skoðunar. Hafi niðurstaða nánari skoðunar verið sú, að vélin væri það illa farin að ekki borgaði sig að reyna viðgerð á henni. Ástæða þess að vélin hafi skemmt hafi verið talin sú, að sjór hafi komist í hana. Vélina hafi þá verið keyrð í samtals 103 klst.

Kveðst matsbeiðandi hafa óskað eftir því við Héraðsdóm Norðurlands eystra með beiðni dags. 23. júlí 1998, að dómkvaddir yrðu tveir sérfróðir aðilar til þess

að meta orsakir þess að vélin skemmdist. Til verksins hafi verið kvaddir þeir Árni Björn Árnason vélvirkjameistari og Magnús Þorsteinsson, vélvirki og vélstjóri. Samkvæmt dómkvaðningu hafi matsmennirnir átt að meta eftirfarandi, er varðað hafi vél bátsins:

„Skulu þeir skoða mb. Lundey, þar sem hann er niðurkominn við Húsavík-urhöfn og kanna orsakir þess að sjór komst í olíu vélar bátsins og sérstaklega hvort mistökum við niðursetningu vélarinnar sé um að kenna.“

Matsbeiðandi kveður matsmennina hafa skilað álitinu sínu þann 11. ágúst 1998 og hafi niðurstaða þeirra verið eftirfarandi í meginatriðum:

1. Yfirgnæfandi líkur eru á því að sjór hafi komist í vélina úr 155 cm langri láréttri afgaslögninni sem lá frá vélinni aftur að safnkút.

2. Að frágangur afgaslagna hafi ekki verið í samræmi við venju, en hún er sú að afgaslögn halli frá vél og í safnkút eða að lögnin sjálf myndi vatnsgildru sem rúmi þann sjó sem er í lögninni er drepð er á vélinni... Matsbeiðandi kveður matsþola Baldur ekki hafa viljað una mati hinna dómkvöddu matsmanna og hafi hann gert nokkrar athugasemdir við matið með bréfi dags. 20. september 1998. Í tilefni af bréfi matsþola Baldurs hafi matsbeiðandi óskað eftir því við matsmenn, að þeir könnuðu nánar tiltekin atriði og legðu mat á það hvort hugsanlega gætu verið aðrar orsakir fyrir eyðileggingu vélarinnar. Með bréfi dags. 20. janúar 1999 hafi matsmennirnir ítrekað niðurstöðu sína og látið aðilum matsmálsins í té afrit af spurningum og svörum starfsmanna matsþola Heklu hf. og vélaverkstæðis Gríms hf., sem muni hafa tekið vélina úr bátnum. Hafi það verið mat matsmanna að niðurstaða þeirra væri ótvíræð varðandi orsakir þess, að vatn hafi komist í vélina.

Kveður matsbeiðandi ekki hafa tekist sættir með aðilum og hafi matsbeiðandi þingfest skaðabótamál á hendur matsþolum fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra þann 10. júní 1999. Dómur hafi gengið í málinu þann 17. mars 2000 þar sem matsþolar hafi verið sýknaðir af kröfum matsbeiðanda, en í niðurstöðu dómsins um orsakir hinna ótímabæru skemmda á vélinni segi svo:

„Álit dómsins:

Fyrir liggur í málinu niðurstaða rannsóknar Fjölvvers ehf. á smurolíusýni úr m/b Lundey PH-350 þar sem fram kemur að í smurolíuna hefur komist sjóblandað ferskvatn, sem innihélt um 15% sjó. Vatnið miðað við rúmmál er 5,7% og ef gengið er út frá þeirri forsendu að á vélinni hafi verið 25 lítrar af smurolíu svarar það til tæplega 1 1/2 lítra af vatni. Ekki er að sjá að upplýsingar þessar hafi legið fyrir er matsmenn skiluðu matsgerð sinni þann 11. ágúst 1998, sbr. dskj. nr. 9 og framburð matsmanna hér fyrir dómi.

Þegar stefnandi skipti um smurolíu á vélinni í mars 1998 þá kvaðst hann ekkert hafa séð athugavert við gömlu olíuna, en dró síðan í land með það, fannst olían ekki eins og eðlileg, hafi fundist hún hálfgráleit, fannst hún vera frekar dökk.

Stefnandi ber að vélin hafi verið gangsett reglulega svo og tengdasonur hans, Jón Gíslason, og stefnandi ber að vélin hafi verið gangsett tvisvar eftir olíuskiptin.

Á það má fallast með matsmönnum að æskilegt hefði verið að þústbarkinn hefði myndað krappari vatnsgildru þar sem hann lá frá afgastúrbínu vélarinnar.

Taka má undir þá skoðun matsmanna að ljóst megi vera að sjór geti komið í smurolíu véla á margan hátt. Í matsgerðinni segir að ekki verði fullyrt hvort sá sjór sem sé í þessari lárétu lögn er, þá drepið er á vélinni hafi náð að renna inn á afgastúrbínu vélarinnar og þaðan inn á vélina, en yfirgnæfandi líkur séu þó á að svo kunni að hafa verið.

Hafa ber í huga að matsmenn skoða aldrei sjálfa vélina. Væri þessi tilgáta þeirra rétt þá ber að hafa í huga að stefnandi ber að hann hafi gangsett vélina reglulega eða hlutast til um að svo var gert. Við þessar gangsetningar hefði þá sjórinn úr afgaslögninni átt að renna inn á afgastúrbínu vélarinnar og upp í afgasgreinarnar og komast þannig í smurolíuna og miðað við ástand smurolíunnar eftir olíuskiptin og tvær gangsetningar hefði ástand hennar ekki átt að fara fram hjá stefnanda við olíuskiptin. Ekki styrkir það heldur bakflæðiskenningu matsmannanna að sjórinn sem kælir afgaslögnina skuli skila sér sem sjóblandað vatn í smurolíu vélarinnar.

Að þessu virtu telur dómurinn alls ósannað að tjón stefnanda verði rakið til handvamar stefnda Baldurs Halldórssonar né heldur stefnda Heklu h.f. og stefnanda hafi ekki tekist að sanna með hvaða hætti tjónið varð á vélinni.“

Kveður matsbeiðandi tilgang matsbeiðinnar að fá bætt úr þeim göllum sem í héraðsdómi hafi verið taldir á mati hinna dómkvöddu matsmanna, með því að þeir skoði hina umdeildu vél og öll önnur fyrirbyggjandi gögn og leggi að nýju mat á orsakir þess að vélin hafi eyðilagst á svo skömmum tíma sem raun bar vitni. Hyggist matsbeiðandi nota umbeðið mat sem grundvöll uppgjors við matsþola, náist um það sátt, að öðrum kosti til grundvallar kröfum matsbeiðanda á hendur matsþolum vegna fyrirhugaðrar áfrýjunar á héraðsdómi til Hæstaréttar, enda gefi niðurstaða matsins tilefni til slíkrar áfrýjunar.

Kveðst matsbeiðandi óska eftir því, að matsmenn bæti úr göllum á mati sínu og meti að nýju orsakir þess að Caterpillarvél matsbeiðanda reyndist ónýt um mánaðamót mars/apríl 1998. Skuli matsmenn skoða vélina og öll fyrirbyggjandi gögn, auk þess sem þeir skuli afla þeirra viðbótargagna sem þeir telji nauðsynleg til að ljúka umbeðnu mati, sé þá sérstaklega vísað til upplýsinga frá framleiðanda vélarinnar.

Lögmaður matsþola Heklu hf. hefur lagt fram greinargerð í máli þessu og jafnframt svarað athugasemdum matsbeiðanda. Lögmaður matsþola Baldurs hefur sett fram kröfur í málinu f.h. umbjóðanda síns, en að öðru leyti vísað til

röksemda lögmanns matspola Heklu hf. Af þessum sökum verður ekki greint sérstaklega á milli matspola, við útlistun á málartilbúnaði þeirra, nema nauðsyn beri til.

Matspolar hafa aukið því við málsatvikalýsingu í matsbeiðni, að matsmennirnir hafi komið fyrir dóm við aðalmeðferð héraðsdómsmálsins E-283/1999 og gefið skýrslu. Við meðferð málsins hafi aðilum þannig gefist færi á að spyrja matsmenn um þau atriði, sem þeir hafi talið hafa þýðingu. Auk þess hafi aðilum gefist færi á að bera undir matsmennina þau gögn málsins sem málsaðilar hafi talið ástæðu til og hafi matsmenn tekið afstöðu til þeirra við skýrslutökur í málinu. Dómur hafi svo gengið í málinu þann 17. mars 2000 þar sem matspolar hafi verið sýknaðir af öllum kröfum matsbeiðanda, en málskostnaður felldur niður. Kveða matspolar dóminum ekki hafa verið áfrýjað.

Matspolar kveðast byggja á því, að öll lagaskilyrði skorti fyrir dómkvaðningu í málinu. Matsbeiðandi tiltaki reyndar engin ákvæði úr lögum nr. 91/1991 sem hann styðji beiðni sína við. Ekki verði séð að 77. gr. laganna geti stutt beiðni hans, enda eigi hún því aðeins við að mál hafi ekki verið höfðað um kröfu. Hér hátti hins vegar svo til, að matsbeiðandi hafi ekki einasta höfðað mál um kröfuna heldur hafi hún jafnframt verið dæmd. Þá sé ljóst að 75. gr. laganna fái ekki heldur stutt beiðni hans enda hafi dómi héraðsdóms ekki verið áfrýjað. Loks sé ljóst að ákvæði IX. kafla laganna komi hér ekki heldur til álita enda standi ákvæði 3. mgr. 46. gr. laganna því í vegi að fram fari dómkvaðning eftir að dómur sé genginn í máli sem ekki hafi verið áfrýjað. Að þessu sögðu megi vera ljóst, að engin ákvæði einkamálalaganna heimili dómkvaðningu eins og hér sé ástatt. Verði því að hafna beiðni matsbeiðanda.

Vilji dómurinn ekki fallast á framangreint, er af hálfu matspola byggt á því, að einkamálalögin heimili ekki endurdómkvaðningu eins og matsbeiðandi biðji um. Fyrir liggi að matsmenn hafi ekki brotið gegn formreglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þegar þeir hafi unnið mat sitt. Þeir hafi komið fyrir dóm, skýrt mat sitt og tekið afstöðu til þeirra málsgagna, sem aðilar hafi talið ástæðu til að bera undir þá. Með þessu megi telja, að starfi þeirra sé lokið, afstaða þeirra til matsefnisins liggi fullmótuð fyrir og engin skilyrði fyrir því að endurdómkveðja þá. Kveða matspolar dómkvaðningu við þessar aðstæður brjóta í bága við 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991.

Kveða matspolar tilgang endurmatsbeiðninnar samkvæmt beiðninni vera þann, að fá bætt úr þeim göllum sem í héraðsdómi hafi verið taldir vera á mati hinna dómkvöddu matsmanna. Héraðsdómur, sem skipaður hafi verið tveimur sérfróðum meðdómendum, hafi komist að þeirri niðurstöðu að undangenginni málsmeðferð fyrir dómi, að tilgáta matsmanna um hvernig sjór hafi komist í vélina gæti ekki verið rétt, sbr. orðalag í forsendum dómsins „væri þessi tilgáta þeirra rétt“. Útilokað sé að sjá hvernig endurdómkvaðning matsmannanna á að

geta bætt úr þessum efnislega annmarka á matsgerðinni. Því sé ljóst þegar af þessari ástæðu, að endurmatsbeiðnin geti aldrei þjónað tilgangi sínum og bryti dómkvaðning samkvæmt henni í bága við 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 og að sínu leyti einnig gegn 3. mgr. 61. gr. sömu laga. Hitt sé hins vegar ljóst, að í framsetningu matsbeiðanda felist, að hann viðurkenni efnislegt réttmæti héraðsdómsins.

Í dómi héraðsdóms frá 17. mars 2000 hafi verið tekið fram, að ekki yrði séð að upplýsingar um niðurstöðu rannsóknar Fjölvors ehf. á smurólíusýni úr m/b Lundey PH-350 hafi legið fyrir þegar matsmenn hafi skilað matsgerð sinni þann 11. ágúst 1998. Hafi um það verið vísað til matsgerðarinnar og framburðar matsmanna fyrir dómi. Hvað þetta varði sé þess að geta að matsmenn hafi tekið afstöðu til greindra upplýsinga fyrir dómi. Þar með þjóni engum tilgangi að endurdómkveðja þá til að taka afstöðu til þeirra.

Matsþolar kveða matsbeiðanda jafnframt halda því fram, að í dóminum sé bent á, að hafa beri í huga að matsmennirnir hafi aldrei skoðað sjálfa vélina. Því sé til að svara, að matsmennirnir sjálfir hafi ekki talið sig þurfa að skoða vélina til að komast að niðurstöðu. Verði ekki séð hvaða tilgangi það eigi að þjóna nú, að skylda þá til að skoða vélina. Hvað sem líði öllu öðru komi því aldrei til álita vegna ákvæða 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 að endurdómkvaðning fari fram. Hér megi einnig vísa til 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991.

Matsþolar kveða loks ekki verði hjá því komist að benda á, að matsefnið sé í endurmatsbeiðninni afmarkað á annan hátt heldur en gert hafi verið við dómkvaðningu matsmannanna í öndverðu.

Kveðast matsþolar vísa til framlagðra gagna héraðsdómsmálsins E-283/1999, sem dæmt hafi verið 17. mars 2000, en að auki sé vísað til skýrslutöku fyrir dómi í því máli.

Matsbeiðandi hefur gert þær athugasemdir við greinargerð matsþola, að krafa hans um endurdómkvaðningu matsmanna byggir á 77. gr. laga nr. 91/1991, enda sé í þeirri grein fjallað um dómkvaðningu matsmanna þegar ekki sé rekið mál vegna þeirra krafna, sem matsbeiðni sé ætlað að færa sönnur fyrir. Eins og segi í greinargerð með ákvæðinu „er langvarandi venja fyrir því að leitað verði matsgerðar dómkvaddra matsmanna samkvæmt ákvæðum laganna án tillits til þess hvort mál hafi verið höfðað, þar sem matsgerð yrði nýtt sem sönnunargagn.“ Kveður matsbeiðandi nefnt ákvæði eiga við þegar mál sé ekki rekið um viðkomandi kröfu og skipti ekki máli hvort unnið sé að gagnaöflun vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar fyrir héraði eða Hæstarétti, enda verði ákvæðinu jafnframt beitt um öflun sönnunargagna áður en til málshöfðunar fyrir Hæstarétti komi, sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991.

Kveður matsbeiðandi að eftir að mál hafi verið höfðað fyrir Hæstarétti fari um öflun sönnunargagna eftir ákvæðum 75. gr., sbr. 76. gr. laga nr. 91/1991, en

þá sé reglum IX. kafla beitt, en þær fjalli um dómkvaðningu matsmanna eftir að mál hafi verið höfðað.

Matsbeiðandi kveður megininntak 77. gr. einkamálalaga vera, að heimilt sé að leita matsgerðar til sönnunar kröfum án tillits til þess hvort mál sé rekið um kröfuna eða ekki, enda sé það gert til að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni. Ef ákvæði IX., XI. og XII. kafla laganna séu lesin í samhengi megi einnig ljóst vera, að yfirstandandi rekstur dómsmáls sé ekki skilyrði þess að dómkvaddir verði matsmenn, en að málsmeðferð vegna beiðni um dómkvaðningu matsmanna ráðist af því hvort rekið sé mál um matsatriði fyrir dómi eða ekki. Kveður matsbeiðandi skýringar matsþola á ákvæðum 1. mgr. 77. gr. hvorki fást staðist orðalag ákvæðisins né tilgang þess. Matsbeiðanda sé heimilt að óska eftir endurdómkvaðningu matsmanna til þess að þeir geti bætt úr þeim göllum sem í héraði hafi verið taldir vera á mati þeirra og leitt hafi til þess, að ekki hafi verið byggt á matinu. Matsbeiðandi kveður koma fram í héraðsdómi, að ekki yrði byggt á mati hinna dómkvöddu matsmanna þar sem þeir hafi látið hjá líða að skoða hina umdeildu vél og einnig vegna þess að dómurinn hafi talið, að upplýsingar um efnasamsetningu þess vatns, sem fram hafi komið í rannsókn Fjölvvers ehf., dags. 31. mars 1998, á smurólfunni hafi ekki legið fyrir matsmönnum er þeir hafi framkvæmt mat sitt.

Kveður matsbeiðandi að samkvæmt dómi héraðsdóms hafi upplýsingar þær, sem fram hafi komið í rannsókn Fjölvvers ehf., vegið þungt í mati dómsins á orsökum tjónsins og þeirri niðurstöðu hans að hafna mati hinna dómkvöddu matsmanna. Umrædd rannsókn á efnisinnihaldi þess vatns, sem í olfunni hafi fundist og framkvæmd hafi verið að beiðni matsþolans Heklu hf. þann 31. mars 1998, hafi verið fengin Heklu hf. í hendur. Af málsatvikum virðist ljóst, að matið hafi farið fram þrátt fyrir að matsþoli Hekla hf. hafi haft skjalið undir höndum og hafi umrætt skjalið ekki verið lagt fram af hálfu matsþola Heklu hf. fyrr en við upphaf aðalmeðferðar málsins fyrir héraðsdómi þann 28. janúar 2000. Matsþoli kveðst ekkert fullyrða um ástæður þess, að nefnt skjali hafi ekki komið fyrr fram af hálfu matsþolans Heklu hf., en telja verði það ósamrýmanlegt málsmeðferðarreglum einkamálalaga að sá aðili, sem haldið hafi eftir mikilvægu skjali, er matsmenn hafi framkvæmt mat sitt, sem aftur leiði til þess að dómur telji matsgerð gallaða eða ófullkomna, geti komið í veg fyrir endurskoðun matsins með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram komi í títtnefndu skjali. Gengi slíkt upp yrði niðurstaðan sú, að ef mikilvægum gögnum sé haldið frá matsmönnum við framkvæmd mats, þó að óviljandi væri, mætti draga úr sönnunargildi matsgerðar er fyrir dóm væri komið og síðar koma í veg fyrir að matsgerðin væri endurskoðuð og þannig hindrað að fullkominni matsgerð yrði komið við í máli.

Þá kveðst matsbeiðandi mótmæla að öðru leyti þeim sjónarmiðum og

lagaskýringum, sem fram komi í greinargerð matspola og kveðst ítreka kröfu um dómkvaðningu.

Að lokum kveðst matsbeiðandi áréttu, að hann telji upplýsingar þær, sem fram komi í hinni umdeildu rannsókn Fjölvvers ehf., um efnisinnihald þess vatns sem í olíunni hafi fundist, vera rangar og algerlega óstaðfestar og að héraðsdómi hafi verið óheimilt gegn mótmælum matsbeiðanda að taka tillit til málsástæðna byggðra á greindu skjali eða telja hið ófullkomna og óstaðfesta skjal fela í sér sönnun á málsatvikum.

Matspolar hafa svarað athugasemdum matsbeiðanda með eftirfarandi hætti. Kveða þeir matsbeiðanda hafa nú í frammi sjónarmið um að framlagning gagna af hálfu matspola Heklu hf. hafi verið „ósamrýmanleg málsmeðferðarreglum einkamálalaga“. Kveða matspolar þetta vera rangt. Þau skjöl sem um ræði í héraðsdómsmálinu hafi verið kynnt lögmanni matsbeiðanda fyrir aðalmeðferð málsins og hafi það legið fyrir, að hann gerði ekki athugasemdir við framlagningu þeirra. Við framlagningu skjalanna þann 28. janúar sl. hafi engin mótmæli verið bókud eða athugasemdir hafðar frammi af hálfu matsbeiðanda. Kveðst matspoli Hekla hf. taka það fram, að ef lögmaður matsbeiðanda hefði óskað þess, hefði verið brotalítið fyrir matspolann Heklu hf. að aðalmeðferð málsins hefði frestast. Matsbeiðandi hefði þá getað borið gögnin undir matsmennina á þann hátt sem honum hefði þóknast. Af hálfu matsbeiðanda hafi hins vegar verið sá kostur valinn að láta aðalmeðferð málsins hefjast, væntanlega með það í huga að gögnin yrðu borin undir matsmennina við meðferð málsins enda hafi það og verið gert. Kveða matspolar því fjarri að umræddur háttur gagnaframlagningar hafi brotið gegn málsmeðferðarreglum einkamálalaga.

Þá kveða matspolar mótmæli matsbeiðanda um að óheimilt hafi verið að byggja á umræddum gögnum allt of seint fram komin, en þau hafi þurft að koma fram við aðalmeðferð málsins.

Álit dómsins.

Staðreynd er í málinu, að framangreind niðurstaða rannsóknar Fjölvvers ehf. á smurólíusýni úr mb. Lundey PH-350 var borin undir matsmennina, Árna Björn Árnason vélvirkjameistara og Magnús Þorsteinsson vélvirkja og vélstjóra, fyrir dómi og þeim þar gefinn kostur á að tjá sig um rannsóknarniðurstöðuna og möguleg áhrif hennar á matsgerð þeirra. Verður ekki séð að þessi málsmeðferð hafi á nokkurn hátt verið andstæð málsmeðferðarreglum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í niðurstöðu fjölskipaðs héraðsdóms í málinu nr. E-283/1999 er ekki að finna neinrar vísbendingar um að hinn fjölskipaði dómur hafi talið mati matsmannanna áfátt að formi til. Það er hins vegar ljóst, að dómurinn féllst ekki á hina efnis-

legu niðurstöðu matsmannanna. Sú staðreynd getur hins vegar ekki orðið grundvöllur þess, að fallist verði á beiðni matsbeiðanda.

Fyrir liggur að matsbeiðandi styður matsbeiðni sína við 77. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í 1. mgr. nefndrar greinar kemur fram, að aðila, sem hafi lögvarinna hagsmuna að gæta, sé heimilt að beiðast dómkvaðningar matsmanns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu vegna matsatriðis í dómsmáli. Hér liggur fyrir, að matsbeiðandi hefur ekki einasta haft uppi kröfu í dómsmáli, varðandi þau atriði er hann nú beiðist endurdómkvaðningar matsmanna vegna, heldur hefur um kröfuna jafnframt gengið héraðsdómur í máli nr. E-283/1999. Í greinargerð þeirri er fylgdi lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er ekki að finna neitt í athugasemdum við 77. gr. laganna, sem styður þá túlkun greinarrinnar, sem matsbeiðandi hefur haldið fram. Þvert á móti kemur fram í athugasemdunum, að í greininni komi fram skilyrði þess, að gagna verði aflað án tengsla við rekstur einkamáls. Þá þykir ákvæði 166. gr. áðurnefndra laga ekki eiga að leiða til annarrar niðurstöðu. Beiðni matsbeiðanda skortir því lagagrundvöll.

Í úrskurði þessum eru ekki efni til að taka afstöðu til röksemda matsbeiðanda er varða málsmeðferð hins fjölskipaða héraðsdóms í máli nr. E-283/1999.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að hafna beiðni matsbeiðanda um að dómkvaddir verði að nýju matsmennirnir Árni Björn Árnason og Magnús Þorsteinsson til að meta orsakir og ástæður þess, að ný Caterpillarvél í mótorbát matsbeiðanda, Lundey PH-350, hafi í mars 1998 verið talin ónýt.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu og þess, sem áður hefur verið rakið um málatilbúnað matsþola, þykir rétt, að matsbeiðandi greiði matsþola Baldri Halldórssyni kr. 50.000 í málskostnað, en matsþola Heklu hf. kr. 75.000.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er beiðni matsbeiðanda, Kristbjörns Árnasonar, um að dómkvaddir verði að nýju matsmennirnir Árni Björn Árnason og Magnús Þorsteinsson til að meta orsakir og ástæður þess, að ný Caterpillarvél í mótorbát matsbeiðanda, Lundey PH-350, hafi í mars 1998 verið talin ónýt.

Matsbeiðandi greiði matsþola Baldri Halldórssyni kr. 50.000 í málskostnað, en matsþola Heklu hf. kr. 75.000.